

Mál nr. 26/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Vátryggingartaki (X)

Hugtakið slys í vátryggingarétti. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 30. ágúst 2025 hafi M verið að keppa í handbolta erlendis með X. Dúkur á gólf keppnishallar hafi verið mjög stamur og þegar M tók snögga stefnubreytingu á gólfinu hafi fóturinn fests óeðlilega í dúknum. Við það hafi mikill kraftur komið á hásinina á hægri fæti og hún slitnað. M tilkynnti 11. september 2025 um atvikið í slysátryggingu sem X var með hjá V. Með bréfi dags. 12. desember 2025 hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar úr slysátryggingunni með vísan til þess að enginn utanaðkomandi atburður hefði valdið meiðslum M. Í framhaldinu óskaði M eftir endurskoðun á afstöðu V með vísan til þess að stamur dúkur hefði verið hinn utanaðkomandi atburður. V féllst ekki á það og vísaði til þess að dúkurinn hefði einfaldlega verið það undirlag sem M spilaði á í hvert skipti sem hann steig niður á vellinum. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á að utanaðkomandi atburður hafi valdið slysinu og M eigi því rétt til greiðslu úr slysátryggingu X vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut í umrætt sinn. Dúkurinn hafi verið mjög stamur. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til lýsingar í gögnum málsins á tildrögum slyssins. M byggir á því að stami gólf dúkur sé þá þáttur sem kemur utan frá og geti haft afgerandi áhrif á fótstöðu þess sem gengur á honum. Þegar slíkt yfirborð breyti óvænt hreyfingu manns eða skapi grip sem ekki er búist við, verði til staða sem veldur slysi án þess að nokkuð innra með tjónþola sé þess valdandi. Orsökina sé þannig bundin við atriði sem tengjast aðstæðum á vettvangi og sé ekki tilkomin af innri aðstæðum M. Í sambærilegum málum t.d. þegar einstaklingur renni í hálku teljist það almennt vera utanaðkomandi atburður, þar sem hálkan er sá þáttur í umhverfinu sem veldur skyndilegri truflun á hreyfingu og hefur ekkert með innri aðstæðum eða eigin líkama viðkomandi að gera. Sömu rök eigi við um staman gólf dúk. Stamur dúkur geti gripið í skóbúnað og breytt hreyfingu einstaklings með óvæntum hætti, rétt eins og hálka breyti henni með því að minnka núningsmótstöðu. Í báðum tilvikum sé orsökina einhver utanaðkomandi breyting á yfirborðinu sem leiðir annaðhvort til þess að fótur rennur eða stöðvast óeðlilega. Þessi ytri áhrif valdi slysi án þess að einstaklingur hafi getað séð þau fyrir eða stjórnað þeim. Það sé því enginn efnislegur munur á því hvort yfirborð veldur því að einstaklingur rennur, t.d. í hálku eða óvænt stöðvun/gripi, t.d. stamur dúkur. Í báðum tilfellum sé orsökina bundin við umhverfið og teljist því utanaðkomandi atburður. M vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 467/1996 og 412/2011. Jafnframt byggir M á því að V beri sönnunarbyrðina fyrir því að meiðsli M séu að rekja til innra ástands en ekki utanaðkomandi atburðar.

Í athugasemdum V er byggt á að ósannað sé að „stamt gólf“ sé ástæða þess að M varð fyrir meiðslum 30. ágúst 2025 og að það stama gólf geti talist „utanaðkomandi atvik“ í skilningi fyrrnefnds ákvæðis skilmálans. Það liggi ljóst fyrir að M hafi verið veikur fyrir í hægri hásin samkvæmt fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum og því geti allt eins álagsmeiðsli/innri líkamlegir verkir eða eðlilegt átak við íþróttaiðkun hafa valdið meiðslum M. Það sé M að sanna slíkt og telur V þá sönnun ekki hafa tekist. Til stuðnings afstöðu sinni vísar V til úrskurðar nefndarinnar í málum nr. 138/2003, 300/2013, 387/2011 og 305/2015.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi fyllt út tjónstilkynningu fjórum dögum eftir slysið og þar komi ítarleg lýsing á slysinu fram. Sú tilkynning sé undirrituð af þjálfara hans sem var einnig vitni að slysinu. Telur M því að hann hafi sannað það að slysið gerðist með þessum hætti. Ekkert áverkavottorð liggi fyrir frá slysdegi þar sem slysið hafi átt sér stað erlendis og M hafi farið beint í

aðgerð við heimkomu. Varðandi fyrri heilsufarssögu þá hafi hann fengið áverka á hæl og í öllum læknisheimsóknum sé staðfest að hásinin hafi verið í lagi. Vegna hæláverkans hafi M fengið sterasprautu við sinafestu, en það hafi ekki tengst hásininni. Þegar hásinin slitnaði hafi það jafnframt ekki gerst á þeim stað þar sem sprautan var gefin. Fyrri heilsufarssaga hafi því ekkert með hásinarslitið að gera. Þá telur M þau atvik að bakið þeim úrskurðum sem V hafi vitnað til í sínum athugasemdum vera mjög ólík atvikum í máli þessu.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort atvik það sem M varð fyrir 30. ágúst 2025 falli undir að vera slys í skilningi skilmála slysátryggingar hjá V. Í skilmálum vátryggingarinnar er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti: „Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“

Óumdeilt er í málinu að hægri hásin M slitnaði í handboltaleik á erlendri grundu 30. ágúst 2025 og jafnframt að M hafi fyrst leitað til læknis 3. september 2025 vegna þess, þegar hann undirgekkst aðgerð. Í aðgerðarlýsingu Z, segir m.a.: „Hægri hásin. Slit f. nokkrum dögum.“ Atvikinu að baki hásinarslitinu er ekki lýst í aðgerðarlýsingunni. Strax daginn eftir aðgerð, 4. september 2025, útfyllti lögmaður M tilkynning til Sjúkrátrygginga Íslands og þar er atvikinu lýst með eftirfarandi hætti: „Var að keppa í handbolta með Stjórnunni. Var að spila á dúk sem var stamur sem verður til þess að hann slítur hásin.“ Undir tilkynninguna er skrifað af hálfu X. Í tilkynningu lögmanns M til V frá 11. september 2025 er atvikinu lýst með eftirfarandi hætti: „Var að keppa í handbolta með [X]. Var að spila erlendis á dúk sem var stamur sem verður til þess að hann slítur hásin þegar hann er að taka stefnubreytingu.“

Í málinu liggja ekki fyrir áverkavottorð eða önnur læknisfræðileg gögn sem staðfesta að hásinarslitið hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir í tilkynningu til Sjúkrátrygginga Íslands og V. Þá liggja engin gögn fyrir í málinu um aðstæður á tjónsdegi né frásagnir vitna af atvikinu.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ósannað að umrædd meiðsli M sem hann hlaut 30. ágúst 2025 séu tilkomin vegna slyss eins og það er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir